

REGLUGERÐ

um sérstök línu- og netasvæði.

1. gr.

Frá og með 1. nóvember 1997 til og með 31. desember 1997, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu, sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30N, 21°39V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30N, 21°39V í punkt 63°40N, 22°32V. Að vestan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°40N, 22°32V réttvísandi norður að Staðarbergi.

2. gr.

Frá og með 1. nóvember 1997 til og með 31. janúar 1998, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42V og að norðan af 64°20N.

Frá og með 1. febrúar 1998 til og með 30. apríl 1998, eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita. Að vestan markast svæðið af 23°42V og að norðan af 64°20N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. október 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar nr. 473/1989 um boðtæki fyrir hið almenna boðkerfi Póst- og símamálastofnunar.

1. gr.

Reglugerð nr. 473/1989 um boðtæki fyrir hið almenna boðkerfi Póst- og símamálastofnunar, er hér með úr gildi felld.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 143/1996 öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 17. október 1997.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.